Nr. 178 3. janúar 2014

# GJALDSKRÁ

**fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli í Grýtubakkahreppi.**

1. gr.

Hunda- og kattaeigendur sem búsettir eru innan þéttbýlis í Grýtubakkahreppi, sbr. samþykkt um hunda- og kattahald í Grýtubakkahreppi nr. 19/2007, skulu greiða leyfisgjald, sbr. stafliðc í 3. gr. í samþykkt um hunda- og kattahald nr. 19/2007.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund eða kött, sbr. stafliðc í 3. gr. samþykktar nr. 19/2007 skal vera kr. 3.500 fyrir allt árið. Gjaldið skal greiða í júnímánuði ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt 1. september ár hvert hækkar það um 100%.

3. gr

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun til heimildar í samþykkt um hunda- og kattahald í Grýtubakkahreppi og ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest af sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 5. nóvember og 18. nóvember 2013.

*Grenivík, 3. janúar 2014.*

**Guðný Sverrisdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2014